



Reglur um tekjutengda afslætti af dvalargjöldum í leikskóla

1. gr.

Markmið

Reglur þessar eiga við um dvalargjöld í leikskóla í Kópavogsbæ. Kópavogsbær veitir foreldrum/forsjáraðilum með lágar tekjur tekjutengdan afslátt af dvalargjöldum í leikskóla með það að markmiði að koma til móts við fjölskyldur með ung börn í sveitarfélaginu.

2. gr.

Skilyrði

Til þess að eiga rétt á að tekjutengdum afslætti þurfa meðaltekjur fyrir skatta að vera lægri en 750.000 kr. á mánuði hjá einstæðum foreldrum/forsjáraðilum en 980.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Miðað skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði. Með umsókn um tekjutengdan afslátt veitir umsækjandi Kópavogsbær heimild til þess að sækja skattaupplýsingar mánaðarlega til staðfestingar á því að forsendur tekna séu innan tekjuviðmiða.

Hægt er að afturkalla ofangreinda heimild hvenær sem er og þá mun möguleiki á tekjutengdum afslætti einnig falla niður. Afturköllun þarf að gera með rafrænni undirritun og hægt er að óska eftir því með tölvupósti eða með skilaboðum á þjónustugátt.

Skattaupplýsingarnar verða hvergi geymdar en starfsmenn sem vinna með fjármál leikskólans munu sjá að barnið er með tekjutengdan afslátt af leikskólagjöldum á reikningum til foreldra, ef skilyrði um tekjutengdan afslátt eru uppfyllt.

Í tilviki sambúðarfólks þarf maki umsækjanda einnig að skrifa undir umsókn og staðfestingu um heimild Kópavogsbæjar um uppflettingu í skattaskrá.

3. gr.

Umsókn

Foreldrar/forsjáraðilar sækja um afslátt vegna barns í gegnum þjónustugátt. Umsókn um afslátt þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

4. gr.

Afgreiðsla

Afsláttur kemur til frádráttar á reikningum fyrir leikskólagjöld í næsta mánuði á eftir umsókn, enda séu skilyrði uppfyllt samkvæmt reglum þessum.



**5. gr.
Gjaldskrá**

Upplýsingar um tekjutengdan afslátt má finna í viðkomandi [Gjaldskrá](#) á vefsíðu sveitarfélagsins.

**6. gr.
Leiðréttingar**

Ef veittir eru afslættir á röngum forsendum eða umfram það sem þessar reglur segja til um, áskilur Kópavogsbær sér rétt til leiðréttingu gjalda, m.a. í tilvikum þar sem leiðrétting kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til afsláttar.

**7. gr.
Bráðabirgðaákvæði**

Tekjutengdur afsláttur verður veittur frá 1. september 2023 til umsækjenda sem uppfylla skilyrði. Aðrir afslættir, þ.e. afslættir fyrir einstæða foreldra, öryrkja og námsmenn, verða áfram í gildi til áramóta en falla þá niður. Tekjutengdur afsláttur reiknast ekki ofan á fyrrgreinda afslætti, heldur geta þeir sem ekki uppfylla skilyrði um tekjutengda afslætti nýtt aðra afslætti til áramóta.

Systkinaafsláttur verður óbreyttur og er eini afslátturinn sem reiknast ofan á aðra afslætti.